

HNAKKAPON 19. - 21. JANÚAR 2017

Hvernig eykur Vísir fullvinnslu og þökkun á ferskfiski á Íslandi, með aukinni áherslu á neytendapakningar, og hvernig vegur þú kostnað og ávinning slíkra breytinga?

Vísir

Vísir er rótgróið, kröftugt og framsækið íslenskt sjávarútvegsfyrirtæki þar sem öll áhersla er lögð á ábyrgar veiðar, hátæknivinnslu og vörugæði. Fyrirtækið á fimm línuskip og rekur saltfiskvinnslu og fiskvinnslu í Grindavík. Afurðir Vísis eru fjölbreyttar, unnar úr fyrsta flokks hráefni, og framleiddar fyrir breiðan hóp kröfuharða viðskiptavina vítt og breitt um heiminn.

Fyrirtækið vinnur náið með viðskiptavinum sínum og framleiðir flök og bita eftir þörfum þeirra og óskum. Í Bandaríkjunum, og á fleiri mörkuðum, þykir fiskur sem veiddur er á línu eftirsóknarverðari en fiskur sem veiddur er með öðrum veiðarfærum. Ástæðan er meðal annars sú að veiðarnar þykja umhverfisvænar og eldsneytisnotkun á hvert kíló er hlutfallslega lítil. Nauðsynlegt er að fylgja ströngum gæðakröfum í gegnum allt ferlið og henta vörurnar því vel fyrir kröfuharða neytendur. Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið og þekking Íslendinga á meðhöndlun sjávarafurða þykir til fyrirmyndar í heiminum og hefur gefið Íslendingum markaðsforskot á ýmsum sviðum. Hins vegar telja margir að frekari fræðsla/markaðsetning um þessa sérstöðu, svo sem með uppbyggingu sérstaks vörumerkis fyrir íslenskar afurðir, gæti gefið íslenskum sjávarútvegi enn frekari tækifæri til virðisauka þótt enn hafi ekki náðst samstaða um útfærslu og framkvæmd þess. Merkingar á umbúðum sem höfða til neytenda gætu þó skapað einhvers konar auðkenningu og þannig fjölgað tækifærum.

Umhverfissvottanir

Mikilvægi umhverfissvottana (e. eco labelling) í markaðsstarfi hefur aukist síðustu ár og gera sumir markaðir kröfu um vottanir fiskveiða. Nýlega hafa komið fram ýmis merki sem hafa það að markmiði að votta uppruna villtra sjávarafurða. Vísir á aðild að „Ábyrgum fiskveiðum“ sem nota vörumerkið *Iceland Responsible Fisheries*. Ábyrgar fiskveiðar hafa fengið vottun á íslenskum þorski, ýsu, ufsa og gullkarfa og þannig sýnt fram á með gagnsæjum hætti að staðið er að fiskveiðum og fiskveiðistjórnun á Íslandi á ábyrgan og viðurkenndan hátt í samræmi við kröfur Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO. Fyrirtækið hefur ennfremur hlotið MSC-vottun þar sem það uppfyllir kröfur Marine Stewardship Council um rekjanleika sjávarafurða úr sjálfbærum fiskistofnum. Vísir á aðild að *Iceland Sustainable Fisheries*

sem hefur meðal annars fengið vottun á þorski, ýsu, ufsa og gullkarfa og því til viðbótar er langan í vottunarferli. MSC vottunarnúmer fyrirtækisins er: MSC-C-52940.

Þá má nefna að MSC vottaður þorskur frá Vísi var á boðstólnum fyrir keppendur Ólympíuleikanna á Rio de Janeiro síðasta sumar, en Ólympíunefndin ákvað 2012 að bjóða eingöngu upp á villtan fisk vottaðan samkvæmt MSC staðlinum um sjálfbærar og umhverfisvænar fiskveiðar.

Marel

Vísir hefur unnið náið með Marel undanfarin ár. Þessi samvinna leiddi til hönnunar vélar sem kölluð er *Flexicut* og þykir hafa valdið straumhvörfum í hvítfiskframleiðslu í heiminum. Um er að ræða skurðarvél sem byggir á röntgentækni og forritun, en vélin hefur aukið afköst, vöruframboð, nýtingu og gæði framleiðslunnar til mikilla muna. Má til gamans nefna að bandaríski fréttarisinn Bloomberg heimsótti Vísi í sumar og birti athyglisverða frétt undir fyrirsögninni: „*This Fish-Slicing Robot Fillets by Algorithm*“. Auk Marels hefur fjöldi annarra öflugra iðnfyrirtækja spruttið úr samstarfi íslensks sjávarútvegs og iðnfyrirtækja og þykir gott dæmi um það hvernig samvinna ólíkra aðila getur orðið grundvöllur nýrra nálgana og hugmynda.

Framleiðslugeta Vísis

Pétur Pálsson, forstjóri Vísis, hefur sagt að þessi nýja tækni sé í raun hvatning til að hugsa framleiðsluferlið upp á nýtt. Ekki eigi lengur að hugsa eingöngu í tonnum heldur, bitum og máltíðum. Ef nýjar fiskvinnsluvélar eru keyrðar á fullum afköstum er framleiðslugeta þeirra 500 bitar á mínútu, eða 250 máltíðir.

Með þetta í huga má nefna að framleiðsla Vísis er að meðaltali 50 tonn á dag, eða um 441 bita á mínútu, og er áætlað að fyrirtækið framleiði um 4.000.000 bita eða 2.000.000 máltíða á mánuði úr þorski og ýsu. Með því að nálgast enn frekar kröfur neytandans og framleiða vörur í neytendavænum umbúðum er möguleiki á að auka enn verðmæti afurðanna.

Til þess að svo megi verða þarf samt að huga að mörgum þáttum, svo sem réttum mörkuðum, þakningum, merkingum en rannsóknir sýna að miklu máli skiptir hvernig fiskurinn er merktur á sumum mörkuðum og orð eins og „línufiskur“ eða „sjófrystur“ geta leitt til hærra verðs. Þá þarf að taka tillit til neysluhegðunar, flutningsleiða og hvernig á að veða tilkostnað og ávinning þessara breytinga á framleiðslunni. Þar skiptir allt máli; hráefnið, það hvort endurnýjanlegir orkugjafar eru notaðir við framleiðslu og flutning, og ábyrgir erlendir samstarfsaðilar.

Eftirspurn og verðlag

Eftirspurn og verðlag á Bandaríkjamarkaði er yfirleitt mjög stöðugt yfir árið. Ef litið er yfir þau verðmæti sem fást fyrir afurðir Vísis í Bandaríkjunum núna þá er meðalverð á ferskum flökum J-cut (roðlaust/beinlaust, þunnyldið skorið af) á bilinu 4-4,40 usd/lbs, í

ferskum hnökkum má gera ráð fyrir 5,10-5,60 usd/lbs í fob verði, fersk miðstykki eru á um það bil 3,90-4,30 usd/lbs og fyrir sporðinn fæst um það bil 3,70-4 usd/lbs, þá er meðalverð fyrir flakið í bitum um 4,50-4,80 usd/lbs fob.

Umbúðir og umhverfissjónarmið

Umbúðakostnaður í ferskum fiski er mismunandi eftir stærð eininga en til viðmiðunar má reikna með að Vísir verji nú um það bil 30 cent/kg.

Í öllu framleiðsluferlinu þarf að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Þá má benda á að þakningar hafa mismunandi eiginleika með hliðsjón af mismunandi flutningsleiðum.

Með Parísarsamkomulaginu frá desember 2015 hefur orðið vitundarvakning um ábyrgð einkaaðila og fyrirtækja í loftslagsmálum á heimsvísu. Í þessu umhverfi felast tækifæri og má nefna að plast- og prentfyrirtækið Oddi er meðal þeirra sem hefur unnið að því að skapa sér aukið viðskiptaforskot með því að vinna eftir skýrum markmiðum í umhverfismálum, t.d. með endurvinnslu, umhverfisvænu hráefni, endurnýjanlegri orku og ábyrgum erlendum samstarfsaðilum.